

BORGARRÁÐ 13. október 2022: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um úttekt á öryggisvörnum í grunnskólum – MSS22100129

Flokkur fólksins leggur til að borgarráð samþykki að fela skóla og frístundaráði að vinna að því, í samráði við skólasamfélagið að gera úttekt á öryggisvörnum í skólum þegar kemur að verklagi og viðbrögðum ef ytri vá steðjar að s.s. utanaðkomandi hættuástands eða ógn/hótun um að skaða börn og starfsmenn. Mikilvægt er að fyrir liggja skýrar reglur og verklagsferlar sem allir starfsmenn séu meðvitaðir um og þekki í þaula. Hver og einn þarf að vera með sitt hlutverk á hreinu standi fyrir dyrum ógn, hótun um skaða eða önnur ytri vá sem steðjar að börnunum og starfsfólki.